



Fundargerð

36. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 19. febrúar 2025, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 295. fundar skipulagsnefndar UTU - 2502013

Lögð fram fundargerð 295. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 219. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Dvergabakki L165303; Breytt byggingamagn; Deiliskipulagsbreyting - 2501045. Lögð er fram beiðni um óverulega breytingu á skilmálum deiliskipulags sem tekur til Dvergabakka í Ásahreppi. Í breytingunni felst að stærð gestahúss eykst úr 15 fm í 16,2 fm.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 31; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-219 - 2501003F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 25-219.

2. Fundargerð 296. fundar skipulagsnefndar UTU - 2502033

Lögð fram fundargerð 296. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 220. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Lindarbær 2 L176386; Íbúðarhús, gestahús og skemma-útihús; Deiliskipulag - 2501082.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Lindarbæjar 2 L176386 í Ásahreppi. Jörðin hefur verið í eyði um árabil og engar byggingar eru á henni. Markmið eigenda jarðarinnar er að byggja íbúðarhús, útihús og gestahús, vera með fasta búsetu og nýta jörðina. Í deiliskipulaginu felst að heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, vera með landbúnaðarstarfsemi og mannvirki fyrir minniháttar ferðaþjónustu. Deiliskipulagið nær yfir 1 ha af jörðinni.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Málið verði sérstaklega kynnt eigendum aðliggjandi landeigna.

Mál nr. 2; Lækjartún II L215415; Rófa; Stofnun lóðar - 2501076.

Þráinn Ingólfsson vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 23.11.2024, skv. reglugerð um

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like 'K.H.', 'S.H.', and 'R.H.'.

merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 84.563 fm landeign, Rófa, úr landi Lækjartúns II L215415. Aðkoma að lóðinni er frá Kálfholtssvegi (288).

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun landsins skv. framlagðri merkjalýsingu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða erindið með fyrirvara um að staðsetning aðkomunnar frá Kálfholtssvegi sé sýnd á uppdrættinum. Hreppsnefnd bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins. Leitað verði umsagnar Vegagerðarinnar vegna veltengingar við landið.

Mál nr. 3; Sigölduvirkjun L165348; Stækkun Sigöldustöðvar; Framkvæmdarleyfi - 2502032. Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna stækkunar Sigöldustöðvar sem miðar að auka uppsett afl virkjunarinnar. Uppsett afl stöðvarinnar er nú 150 MW en fyrirhugað er að auka það í 215 MW. Framkvæmdir þær sem umsókn tekur til eru allar í Ásahreppi. Áætlaður framkvæmdatími er 2-3 ár og gengið verður frá svæðinu eins vel og verða má, innan 2ja ára eftir að framkvæmdum lýkur.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara um að samningur um efnisnám og fyrirkomulag greiðslna fyrir efnisnám á námusvæðum sé lokið samkvæmt fyrri bókun hreppsnefndar á 32. fundi sínum. Að mati hreppsnefndarinnar er útgáfa leyfisins í samræmi við heimildir aðal- og deiliskipulagsáætlana svæðisins. Við útgáfu leyfisins verði unnin greinargerð með vísan til 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda- og áætlana nr. 111/2021 þar sem tiltekið er að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem m.a. skal gerð er rökstudd grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við skipulagsáætlanir og við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar frá 18. desember 2023.

Mál nr. 24; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-220 - 2501005F.
Lögð fram til kynningar fundargerð byggingarfulltrúa nr. 25-220.

3. Fundargerð 33. fundar stjórnar Odda bs. - 2502012

Lögð fram fundargerð 33. fundar stjórnar Odda bs. 4. og 5. dagskrárliður þarfnast staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga.

2410054 - Mannauðsstefna 2024

Stjórn Odda bs. samþykkti samhljóða að leggja til að drög að mannauðsstefnu odda bs 2025 - 2030 verði samþykkt. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða mannauðsstefnu Odda bs. fyrir sitt leyti, en bendir á að betur færi að tala um framkvæmdastjóra frekar en sveitarstjóra í upphafslinu kaflans um Stjórnun og forystu. Umræða varð um samræmingu hinna ýmsu stefna milli skólastofnana.

2311065 - Námsleyfi starfsmanna leik- og grunnskóla

Stjórn Odda bs samþykkti samhljóða að leggja til að drög að endurskoðuðum reglum um styrki til nema í leikskólafræðum á starfssvæði Odda bs og drög að reglum um styrki til nema í grunnskólafræðum á grunnskólum á starfssvæði Odda bs verði samþykktar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi reglur fyrir sitt leyti.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

4. Fundargerð 88. fundar Félags- og skólaþjónustu - 2502011

Lögð fram fundargerð 88. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Fyrsta efnisgrein 3. dagskrárliðar þarfnast afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps, sem lýtur að því að taka upp Signet rafræna undirritun hjá skólum á starfssvæði byggðasamlagsins.

Hreppsnefnd Ásahrepps sér ekkert því til fyrirstöðu að taka upp Signet rafræna undirritun hjá skólunum. Hægt er að kaupa ákveðinn fjölda undirskrifta eftir þörfum, ef föst áskrift er óhagstæðari. Hreppsnefnd Ásahrepps vísar þessu máli til endanlegrar afgreiðslu í stjórn Odda bs í samvinnu við skólastofnanir Odda bs.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

5. Fundargerð 241. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2502001

Lögð fram fundargerð 241. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

6. Fundargerð 242. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2502020

Lögð fram fundargerð 242. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

7. Fundargerð 330. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2502002

Lögð fram fundargerð 330. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

8. Fundargerð 242. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2502032

Lögð fram fundargerð 242. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

9. Fundargerð 80. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2502006

Lögð fram fundargerð 80. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

10. Fundargerð 81. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2502021

Lögð fram fundargerð 81. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

11. Fundargerð 618. fundar stjórnar SASS - 2502018

Til kynningar.

12. Fundargerð 79. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2502008

Lögð fram fundargerð 79. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

13. Fundargerð 80. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2502027

Lögð fram fundargerð 80. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

14. Fundargerð 960. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2502015

HSH
VH
19.12
105

Lögð fram fundargerð 960. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

15. Fundargerð 961. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2502016

Lögð fram fundargerð 961. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

16. Fundargerð 962. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2502017

Lögð fram fundargerð 962. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

17. Fundargerð 963. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2502026

Lögð fram fundargerð 963. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

18. Efnistaka á Holtamannafrétti - 2412024

Lögð fram drög að samkomulagi við Landsvirkjun, dags. 6. febrúar 2025, vegna efnistöku á Holtamannafrétti.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlögð samningsdrög og felur oddvita, Ísleifi Jónassyni, að undirrita samninginn fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps.

19. Verkefnisstjóri íþróttar- og fjölmenningsmála - 2411020

Lögð fram drög að viðauka við þjónustusamning milli Ásahrepps og Rangárbings ytra vegna íþróttar- og fjölmenningsfulltrúa skv. bókun hreppsnefndar Ásahrepps á 33. fundi sínum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir viðaukann samhljóða og felur sveitarstjóra, Valtý Valtýssyni, að undirrita hann fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps.

20. Ársreikningur Ásaljóss fyrir rekstrarárið 2024 - 2502028

Lagður fram ársreikningur Ásaljóss 2024, til samþykktar hjá hreppsnefnd Ásahrepps.

Sveitarstjóri fór yfir ársreikning og skýrði ýmsa liði. Einnig lagt fram staðfestingarbréf stjórnenda sem sveitarstjóri undirritar.

Helstu lykiltölur ársreiknings eru (í þús. kr.):

Rekstrartekjur: 8.270

Rekstrargjöld: 3.073

Afskriftir: -3.811

Fjármagnstekjur: 8

Rekstrarniðurstaða jákvæð: 1.394

Eignir samtals: 74.683

Eigið fé: 73.549

Skammtímaskuldir: 1.134

Skuldir og eigið fé: 74.683

Handbært fé í árslok: 7.846

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi ársreikning Ásaljóss fyrir

HBA VAF
57
[Handwritten signatures]

rekstrarárið 2024 og áritar hann ásamt sveitarstjóra.

21. Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2025 - 2502025

Lagt fram yfirlit yfir kostnað vegna kaupa á húsgögnum, búnaði m.m. vegna flutnings skrifstofu Ásahrepps í neðri hæð skólastjórabústaðar.

Um er að ræða kostnað vegna flutnings tölvubúnaðar og uppsetningu í nýju húsnæði, kaup á hreinlætisvörum og búnaði ásamt nýjum húsgögnum. Áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður verði allt að 3,5 mkr. sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun Ásahrepps 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gera viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2025 að upphæð 3,5 mkr. sem skiptast svo á bókhaldslykla:

2140-2090: 150.000

2140-2891: 2.100.000

2140-3791: 1.250.000

Sveitarstjóra falið að útfæra og skila til Hagstofu Íslands Viðauka nr. 1 í samvinnu við KPMG.

22. Minnisblað vegna fundar oddvita og sveitarstjóra með fulltrúum Vegagerðarinnar - 2502024

Lagt fram minnisblað vegna fundar oddvita og sveitarstjóra með fulltrúum Vegagerðarinnar, dags. 7. febrúar 2025.

Á fundinum var farið yfir ástand vega innan Ásahrepps, nýjar heimreiðar og hraðatakmarkanir við Ás og Dvergabakka. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að óska eftir því við Vegagerðina að umferðarhraði verði lækkaður við Ás. Slik ákvörðun og merkingar er á höndum Vegagerðarinnar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fara í samstarf við Vegagerðina og kosta verklegar framkvæmdir við uppsetningu hraðatakmarkana við Ás í tengslum við framkvæmdir við nýjar heimreiðar næsta sumar. Framkvæmd og hönnun hraðatakmarkana er á höndum Vegagerðarinnar. Hreppsnefnd leggur áherslu á að framkvæmdin verði kynnt íbúum í Áshverfi og neðan þess með Ásvegi.

23. Umferðarhraði um Króksveg - 2502005

Lagt fram tölvuskeyti Örmu Daggjar Ketilsdóttur, dags. 23. janúar 2025, þar sem bent er á hraðan akstur bifreiða um Króksveg þar sem Dvergabakki er staðsettur. Telur bréfitari að almenningi sé mikil hætta þúin vegna þessa hraðaksturs og óskar eftir viðbrögðum og aðgerðum til að hægja umferð um veginn.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar til 22. dagskráraliðar þessa fundar, en Vegagerðin hyggst setja upp hraðatakmarkandi merkingar við Dvergabakka til að draga úr hraðakstri fram hjá Dvergabakka.

24. Breytingar á samþykktum Bergrisans bs. - 2502007

Lagðar fram tillögur að breytingum á samþykktum Bergrisans bs. sem samþykkt var á síðasta aðalfundi að sendar yrðu á aðildarsveitarfélögin.

Umræða var um fyrirliggjandi tillögur um breytingu á samþykktum.

Hreppsnefnd vísar fyrirliggjandi tillögum til annarrar umræðu hjá hreppsnefnd á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar.

25. Bréf Verkalýðsfélags Suðurlands; breytingar á þjónustustigi og gjaldskrá leikskóla - 2502010

Lagt fram bréf Verkalýðsfélags Suðurlands, dags. 22. janúar 2025, sem sent var sveitarstjórn

Rangárþings ytra. Í bréfinu kemur fram gagnrýni á breytt fyrirkomulag þjónustu leikskólanna og gjaldskrá, sem samþykkt var af sveitarstjórnnum Rangárþings ytra og Ásahrepps og tók gildi frá 1. janúar 2025. Jafnframt er óskað eftir að haldinn verði fundur með fulltrúum sveitarfélaga með fulltrúum stéttarfélagsins til að ræða umræddar breytingar.

Hreppsnefnd Ásahrepps felur fulltrúa Ásahrepps í stjórn Odda bs. að vera fulltrúi Ásahrepps á fundi með fulltrúum verkalyðsfélagsins.

26. Efnistaka úr Þjósá; bréf stjórnar Veiðifélags Þjósár - 2502014

Lagt fram bréf stjórnar Veiðifélags Þjósár, dags. 31. janúar 2025, þar sem vakin er athygli á aukinni efnistöku fyrir landi Fosness í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps leggur áherslu á að gætt verði að lífríki árinna. Ekki er hreppsnefnd Ásahrepps kunnugt um að efnistaka eigi sér stað í og við Þjósá innan stjórnsýslumarka Ásahrepps.

27. Beiðni um styrk til fjármögnunar myndbands um slysavarnir barna - 2502029

Lagt fram bréf góðgerðarfélagssins Miðstöð slysavarna barna, dags. 29. janúar 2025, þar sem óskað er eftir fjárframlagi að upphæð kr. 50.000 sem nýta skal í gerð myndbands. Myndbandið verði notað við námskeið í slysavörnum barna í fjarfundarbúnaði. Heilsugæslan er tilbúin að auglýsa námskeiðið á öllum heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni. Námskeiðið verður textað á ensku til að mæta auknum fjölda foreldra af erlendum uppruna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið að upphæð kr. 50.000.

28. Styrkbeiðni frá Suðurlandsdeild í hestaíþróttum 2025 - 2502030

Lagt fram tölvuskeyti stjórnar Suðurlandsdeildar í hestaíþróttum, dags. 3. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 60.000 vegna Suðurlandsdeildar í hestaíþróttum árið 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 60.000.

29. Styrkbeiðni vegna útgáfu Ársrits Sambands sunnlenskra kvenna - 2502031

Lagt fram tölvuskeyti frá ritnefnd Sambands sunnlenskra kvenna, dags. 3. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir styrk vegna útgáfu Ársrits Sambands sunnlenskra kvenna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið að upphæð kr. 5.000.

30. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflokkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps 1. janúar - 31. janúar 2025 skv. stöðu bókhalds.

Til kynningar.

31. Umsagnir Samtaka orkusveitarfélaga um frumvörp til laga - 2502003

Lagt fram tölvuskeyti stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 21. janúar 2025 þar sem kynnt eru annars vegar umsögn um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála og hins vegar drög að umsögn um skýrslu og frumvarp um endurskoðun á lögum um rammaáætlun.

Til kynningar.

32. Ályktun FLÆT um áfengissölu á íþróttaviðburðum - 2502004

HAAH
KAF
PI
KAF
KAF

Lagt fram tölvuskeyti Félags íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi (FÍÆT), dags. 21. janúar 2025, ásamt ályktun frá haustufndi félagsins um sölu áfengis á íþróttaviðburðum.

Til kynningar.

33. Skýrsla um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Hellisins fyrir árið 2024 - 2502009

Lögð fram ársskýrsla félagsmiðstöðvarinnar Hellisins fyrir árið 2024.

Til kynningar.

34. Ályktun frá Félagi eldri borgara í Rangárvallasýslu um heilbrigðisþjónustu - 2502019

Lögð fram ályktun frá aðalfundi Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu um heilbrigðisþjónustu í sýslunni.

Til kynningar.

35. Skipun aðal- og varafulltrúa Ásahrepps í svæðisráð vestursvæðis VJÞ - 2502022

Lögð fram til kynningar skipunarbréf umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytis um skipun aðal- og varafulltrúa Ásahrepps í svæðisráði vestursvæðis í Vatnajökulsþjóðgarði. Þráinn Ingólfsson var skipaður aðalfulltrúi og Ísleifur Jónasson varafulltrúi.

Til kynningar.

36. Opið samráð um áform um lagasetningu - 2502023

Lagt fram tölvuskeyti innviðaráðuneytis, dags. 7. febrúar 2025, þar kynnt er opið samráð um áform um lagasetningu sem lýtur að mati á fjárhagslegum áhrifum lagafrumvarpa á sveitarfélög.

Til kynningar.

37. Framboð í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga - 2402012

Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 11. febrúar 2025, þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Til kynningar.

38. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 19. mars 2025. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 11:40.

Ísleifur Jónasson

Ísleifur Jónasson

Nanna Jónsdóttir

Nanna Jónsdóttir

Þráinn Ingólfsson

Þráinn Ingólfsson

Helga Björg Helgadóttir

Helga Björg Helgadóttir

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson